

Uppruni raforku

Stöðluð yfirlýsing fyrir árið 2011

Raforkusali: Orkubú Vestfjarða ohf
Heimilisfang: Stakkanes 1, 400 Ísafjörður
Sími: 450 3200
Heimasíða: www.ov.is

1. Inngangur

Skjal þetta sýnir uppruna raforku ásamt umhverfisáhrifum hennar. Niður-
stöðurnar byggja á gögnum um raforkuframleiðslu á Íslandi og viðskiptum
með upprunaábyrgðir raforku. Upplýsingar í yfirlýsingunni eru settar fram með
vísan í reglugerð nr. 757/2012.

2. Innleiðing

Með lögum nr. 30/2008 með síðari breytingum, er innleitt ákvæði tilskipunar
nr. 2009/28/EB um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er
með endurnýjanlegum orkugjöfum. Söluþyrtingar sem ekki selja uppruna-
ábyrgðir eða aðrar sambærilegar afurðir skulu gefa út staðlaða yfirlýsingu.
Söluþyrtingar sem selja raforku með upprunaábyrgðum eiga að birta
sértæka yfirlýsingu sem Orkustofnun samþykkir.

3. Framleiðsla raforku á Íslandi 2011

Á Íslandi er raforka framleidd að stærstum hluta með vatnsorku og jarðhita
en einnig lítilsháttar með jarðefnaeldsneyti (olíu). Framleiðsla ársins 2011
skiptist á eftirfarandi hátt:


Endurnýjanleg orka á Íslandi 2011

Endurnýjanleg orka [RES]	GWh	Hlutf.
Vatnsorka	12.507	
Jarðhiti	4.701	
Samtals	17.208	99.99%

Óafturkræf orka [Fossil]

Jarðefnaeldsneyti	2	0.01%
Alls	17.210	100.00%

Skipting raforkuframleiðslu á Íslandi:



4. Raforkusala á Íslandi 2011

Þegar upprunaábyrgðir vegna framleiðslu á endurnýjanlegri orku eru seldar
frá Íslandi til Evrópu, þarf við framsetningu gagna vegna raforkusölu á Íslandi
að taka inn í útreikninga hér á landi samsvarandi magn af raforku sem seld er
í Evrópu. Þess vegna koma fram í íslenskum gögnum orkugjafar sem annars
ekki eru notaðir til orkuframleiðslu hér á landi, en eru notaðir í Evrópu. Með
þessu móti er komið í veg fyrir tvítalningu á upprunaábyrgðum. Fyrir árið
2011 hefur Orkustofnun gefið út upplýsingar um uppruna raforku á hverja
megavattstund [MWh] að teknu tilliti til sölu upprunaábyrgða úr landi og
þar með innflutning gagna um orkusölu í Evrópu í staðinn. Niðurstaðan er
eftirfarandi:



5. Úrgangsefni miðað við uppruna raforkunnar

Samkvæmt tilskipun 2009/28/EB er losun koldíoxíðs ekki meðtalin við
útreikning á magni losunarefna vegna raforku framleiddrar með vatnsorku
og jarðvarma. Þar sem framleiðsla á raforku með jarðefnaeldsneyti er aðeins
0,01% af heildarframleiðslu er losun koldíoxíðs ekki mælanleg.

Losun koldíoxíðs og kjarnorkuúrgangs í hlutdeild raforku á Íslandi, útfra uppruna.

Koldíoxíð	45,25 g/kWh
Geislavirkur úrgangur	0,15 mg/kWh

Skipting endurnýjanlegrar orku á Íslandi 2011

